


# Raforkuspá 2018 – 2050

Endurreikningur á spá frá 2015  
út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum

**Orkuspárnefnd**





# Raforkuspá 2018 – 2050

Endurreikningur á spá frá 2015 út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum

**Orkuspárnefnd**

**Orkustofnun**

**Ágúst**

**2018**

Útgefandi:

Orkustofnun, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Sími: 569 6000, Fax, 568 8896

Tölvupóstur: [os@os.is](mailto:os@os.is)

Heimasíða: [www.os.is/](http://www.os.is/)

Umsjón útgáfu: Baldur Pétursson, Orkustofnun

Verkefnisstjóri.

Rán Jónsdóttir, Orkustofnun

Raforkuhópur Orkuspárnefndar

Landsnet: Sverrir Jan Norðfjörð, formaður

Norðurorka Halla Bergþóra Halldórsdóttir

Orkubú Vestfjarða Elías Jónatansson

Orkustofnun: Rán Jónsdóttir

RARIK: Pétur Þórðarson

Samorka: Baldur Dýrfjörð

Veitur: Rúnar Svavar Svavarsson

Starfsmenn raforkuhóps: Jón Vilhjálmsson og Ingvar Júlíus Baldursson,  
EFLA verkfræðistofa

Sigurður Elías Hjaltason frá Orkustofnun, Árni Baldur Möller frá Landsneti og Jónas Hlynur Hallgrímsson frá EFLU hafa setið fundi raforkuhóps.

Vinnslu efnis og frágang texta annaðist EFLA verkfræðistofa, Jón Vilhjálmsson, Ingvar Júlíus Baldursson og Jónas Hlynur Hallgrímsson

OS-2018-03

ISBN 978-9979-68-470-1

Ágúst 2018

## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>HELSTU NIÐURSTÖÐUR.....</b>	<b>5</b>
<b>2</b>	<b>FORSENDUR.....</b>	<b>7</b>
<b>3</b>	<b>ÁÆTLUÐ RAFORKUNOTKUN .....</b>	<b>15</b>
<b>4</b>	<b>SAMANBURÐUR VIÐ SPÁ FRÁ 2015 .....</b>	<b>27</b>
	<b>RITASKRÁ.....</b>	<b>31</b>
	<b>VIÐAUKI 1 RAFORKUVINNSLA ÁRSINS 2017 GREIND NIÐUR Á VINNSLUFYRIRTÆKI OG MÁNUÐI .....</b>	<b>33</b>
	<b>VIÐAUKI 2 RAFORKUNOTKUN ÁRSINS 2017 GREIND NIÐUR Á NOTKUNARFLOKKA OG RAFVEITUR .....</b>	<b>37</b>
	<b>VIÐAUKI 3 RAFORKUNOTKUN ÁRSINS 2017 GREIND NIÐUR Á NOTKUNARFLOKKA OG LANDSHLUTA .....</b>	<b>43</b>
	<b>VIÐAUKI 4 NOTKUN SKIPT NIÐUR Á AFHENDINGARSTAÐI FRÁ FLUTNINGSKERFINU .....</b>	<b>49</b>
	<b>VIÐAUKI 5 AFLÞÖRF RAFORKUKERFISINS Á ÁRINU 2017 .....</b>	<b>65</b>
	<b>VIÐAUKI 6 MÖTUN INN Á OG ÚT AF FLUTNINGSKERFINU (KERFI LANDSNETS) ÁRIN 2005-2022 .....</b>	<b>85</b>
	<b>VIÐAUKI 7 RAFORKUNOTKUN EFTIR VEITUSVÆÐUM ÁRIN 2011-2017 .....</b>	<b>89</b>

## Töfluskrá

TAFLA 2.1	HAGVAXTARSPÁR HAGSTOFU ÍSLANDS, SEÐLABANKANS OG ASÍ.....	7
TAFLA 2.2	NÝSKRÁNING FÓLKSBIFREIÐA ÁRIN 2014-2018.....	10
TAFLA 2.3	NÝSKRÁNING SENDIFERÐAFREIÐA ÁRIN 2014-2018.....	10
TAFLA 3.1	ÚTTEKT FRÁ FLUTNINGSKERFINU NÆSTU ÁRIN (*RAUNTÖLUR).....	16
TAFLA 3.2	SPÁ UM RAFORKUNOTKUN, FORGANGSORKA OG SKERÐANLEG ORKA. ALMENN NOTKUN AÐ MEÐTÖLDUM DREIFITÖPUM OG NÚVERANDI OG SAMPYKKT NÝ STÓRIÐJA (*RAUNTÖLUR).....	17
TAFLA 3.3	SPÁ UM ALMENNA NOTKUN SEM AFHENT ER FRÁ DREIFIKERFINU GREIND NIÐUR Á FLOKKA, FORGANGSORKA (*RAUNTÖLUR).....	18
TAFLA 3.4	SPÁ UM NOTKUN SEM AFHENT ER FRÁ FLUTNINGSKERFINU GREIND NIÐUR Á FLOKKA, FORGANGSORKA (*RAUNTÖLUR).....	19
TAFLA 3.5	SPÁ UM NOTKUN SEM AFHENT ER BEINT FRÁ VIRKJUNUM GREIND NIÐUR Á FLOKKA, FORGANGSORKA (*RAUNTÖLUR). 20	
TAFLA 3.6	SPÁ UM NOTKUN SEM AFHENT ER FRÁ DREIFIKERFINU GREIND NIÐUR Á FLOKKA, SKERÐANLEG ORKA (*RAUNTÖLUR). 21	
TAFLA 3.7	SPÁ UM NOTKUN SEM AFHENT ER FRÁ DREIFIKERFINU GREIND NIÐUR Á FLOKKA, FORGANGS- OG SKERÐANLEG ORKA (*RAUNTÖLUR).....	22
TAFLA 3.8	SPÁ UM RAFORKUNOTKUN SEM AFHENT ER FRÁ DREIFKERFINU MEÐ DREIFITÖPUM, FORGANGSORKA, GREIND NIÐUR Á LANDSHLUTA (*RAUNTÖLUR).....	23
TAFLA 3.9	SPÁ UM RAFORKUNOTKUN SEM AFHENT ER FRÁ DREIFKERFINU MEÐ DREIFITÖPUM, SKERÐANLEG ORKA, GREIND NIÐUR Á LANDSHLUTA (*RAUNTÖLUR).....	24

TAFLA 3.10	SPÁ UM NOTKUN SEM AFHENT ER FRÁ DREIFIKERFINU MEÐ DREIFITÖPUM, FORGANGS- OG SKERÐANLEG ORKA, GREIND NIÐUR Á LANDSHLUTA (*RAUNTÖLUR). .....	25
TAFLA 4.1	BREYTINGAR Á ÁÆTLAÐRI RAFORKUNOTKUN FRÁ SPÁNNI 2015, FORGANGSORKA (*RAUNTÖLUR). .....	27
TAFLA 4.2	BREYTINGAR Á ÁÆTLAÐRI RAFORKUNOTKUN FRÁ SPÁNNI 2015, FORGANGSORKA OG SKERÐANLEGUR FLUTNINGUR (*RAUNTÖLUR). .....	28
TAFLA 4.3	BREYTING Á ÁÆTLAÐRI RAFORKUNOTKUN SEM AFHENT ER FRÁ DREIFIKERFINU MEÐDREIFITÖPUM FRÁ SPÁNNI 2015, FORGANGSORKA, GREIND NIÐUR Á LANDSHLUTA (*RAUNTÖLUR). .....	29
TAFLA 4.4	BREYTING Á ÁÆTLAÐRI RAFORKUNOTKUN SEM AFHENT ER FRÁ DREIFIKERFINU FRÁ SPÁNNI 2015, FORGANGSORKA, GREIND NIÐUR Á FLOKKA (*RAUNTÖLUR). .....	30

## Myndaskrá

MYND 2.1	SPÁ UM RAFORKUNOTKUN RAFBÍLA OG LESTA Á ÁRIN 2010–2050.....	11
MYND 2.2	SPÁ UM RAFORKUNOTKUN GAGNAVERA, SEM FÁ ORKU BEINT FRÁ FLUTNINGSKERFINU, ÁRIN 2018-2030 OG RAUNTÖLUR ÁRANNA 2011–2017. ....	13
MYND 3.1	SPÁ UM RAFORKUNOTKUN, FORGANGS- OG SKERÐANLEG ORKA, TÍMABILID 2018–2050 ÁSAMT RAUNTÖLUM ÁRANNA 1995–2017. ....	26
MYND 3.2	AUKNING ALMENNRRAR RAFORKUNOTKUNAR, FORGANGS- OG SKERÐANLEG ORKA, ÁRIN 2018–2050 ÁSAMT RAUNTÖLUM ÁRANNA 1995–2017 (LEIÐRÉTT FYRIR HITASTIG). ....	26

# 1 Helstu niðurstöður

Í skýrslunni er fjallað um raforkunotkun fram til ársins 2050. Hún er unnin á vegum Orkuspárnefndar og er endurreikningur á spá frá 2015 út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum.

Spáin er m.a. byggð á forsendum um mannfjölda, fjölda heimila, landsframleiðslu og framleiðslu einstakra atvinnugreina. Notkuninni er skipt niður í sex meginnotkunarflokkka auk dreifi- og flutningstapa. Auk þess er henni skipt eftir því frá hvaða kerfishluta orkan er afhent, þ.e. beint frá virkjun, frá flutningskerfinu eða frá dreifikerfum, og eftir tegund afhendingar þar sem um er að ræða forgangsorku og orka með skerðanlegan flutning. Fyrir notkun frá flutningskerfinu (stórnotendur sbr. skilgreiningu raforkulaga) er einungis tekin með í spána sú orka sem fram kemur í þegar gerðum samningum og eru án allra fyrirvara um afhendingu, en ein undantekning er frá þessari reglu það er kísilmálmverksmiðja United Silicon í Helguvík sem gert er ráð fyrir að fari aftur í rekstur árið 2020.

Raforkuhópur Orkuspárnefndar hefur farið yfir forsendur síðustu raforkuspár, frá 2015, út frá nýjum gögnum sem borist hafa frá því spáin kom út (sjá ritaskrá varðandi nýjar upplýsingar).

- Raforkuvinnsla á landinu árið 2017 var alls 19.239 GWh eða 447 GWh minni en spáin frá 2015 gerði ráð fyrir og heildarálag á kerfið var 70 MW minna en áætlað var, sjá töflu 4.2 á bls. 28. Stafar þetta frávik af minni notkun sem fædd er frá flutningskerfinu (stórnotendur) og dreifikerfinu (almenn notkun) auk þess sem flutningstöp eru hlutfallslega minni en gert var ráð fyrir árið 2015. Úttekt frá virkjunum var aftur á móti meiri en spáð var.
- Notkun tekin frá flutningskerfinu (stórnotendur) var 14.870 GWh sem er 154 GWh minni en spáin frá 2015 gerði ráð fyrir og þar af var frávik hjá álfyrirtækjum 45 GWh og hjá United Silicon og PCC Bakki um 220 GWh. Járnblendid og Becromal notuðu um 90 GWh minni orku miðað við spána frá 2015 Um áramótin 2015/2016 fluttist raforkuafhending til gagnavers Advania frá dreifikerfinu til flutningskerfisins og ef sú breyting hefði ekki komið til hefði þetta frávik verið meira eða um 355 GWh. Notkun gagnavera frá flutningskerfinu var um 200 GWh meiri en spáin frá 2015. Afhending frá dreifikerfinu var alls um 280 GWh minni en spáin miðaði við en ef ekki hefði komið til tilflutningur gagnavers Advania hefði frávik verið rúmlega 120 GWh. Ef einungis er horft á forgangsorku er frávik um 200 GWh en án breytinga hjá Advania er það um 50 GWh. Flutningstöp voru alls 45 GWh minni en spáin frá 2015 gerði ráð fyrir. Úttekt vinnslufyrirtækja var 27 GWh umfram spá. Skerðanleg orka til almennra nota var 75 GWh minni en spáð var sem stafar að mestu af minni loðnuaflla en spáin gerði ráð fyrir. Eftirfarandi er samatekt á þessum tölum:

	Með tilflutningi gagnavers	Án tilflutnings gagnavers
Frá flutningskerfinu	-154 GWh	-314 GWh
Frá dreifikerfinu, forgangsorka	-199 GWh	-39 GWh
Frá dreifikerfinu, skerðanleg orka	-75 GWh	-75 GWh
Flutningstöp	-45 GWh	-45 GWh
Vinnslufyrirtæki	27 GWh	27 GWh
	-----	-----
Samtals	-446 GWh	-446 GWh

- Mesta aflþörf raforkukerfisins árið 2017 varð þann 15. desember milli klukkan 10 og 11 og var þá meðalálag á orkuver kerfisins 2.444 MW og hafði aukist um 65 MW frá árinu á undan. Aflþörf dreifiveitna var mest 15. febrúar um 609 MW, úttekt frá flutningskerfinu var mest 1.751 MW þann 8. ágúst, þörf vinnslufyrirtækja var mest 85 MW og töp í flutningskerfinu námu 62 MW. (Sjá nánar í viðauka 5, töflu 4 og 5 og mynd V5.10 á bls. 83).
- Samkvæmt þessari spá mun afhending frá dreifikerfinu aukast um 8% fram til 2020 og um 80% alls til 2050 og eru dreifitöp meðtalin. Árleg aukning þessarar notkunar er 1,8% að meðaltali næstu 33 árin og eykst notkun um 2.815 GWh í orku og 464 MW í afli yfir spátímabilið, frá árinu 2017 til ársins 2050.

- Áætluð forgangsorka sem afhent er frá dreifikerfinu hefur við þennan endurreikning eykst um 140 GWh fram til ársins 2030 en dregst saman um 32 GWh árið 2050 frá því sem fram kemur í spánni frá 2015, sjá töflu 4.3 á bls. 29. Notkun heimila, veitna og fiskveiða er meiri en í spánni frá 2015, á móti kemur minni notkun í iðnaði, þjónustu og landbúnaði.
- Ef horft er á heildarorku (forgangs- og skerðanlega notkun) sem afhent er frá dreifikerfinu kemur fram meiri lækkun en í forgangsorkunni þar sem notkun hjá tveimur hitaveitum mun færast frá skerðanlegri orku yfir á forgangsorku auk þess sem þær munu fá varma frá umhverfinu (varmadælur). Þar að auki mun ein veita fara af raforku yfir á jarðvarma. Heildar afhending frá dreifiveitum dregst því nú saman um 253 GWh árið 2050 frá því sem miðað var við í spánni frá 2015.
- Í endurreikningi er notuð mannfjöldaspá Hagstofu Íslands frá október 2017, hún gerir ráð fyrir meiri fólksfjölda en miðað er við í spánni frá 2015. Munurinn er um 16.500 manns á árinu 2022 og við lok tímabilsins er munurinn aðeins minni eða 10.500 manns. Meiri fólksfjöldi eykur raforkunotkun heimila og atvinnulífs.
- Þar sem orkuskipti í samgöngum hafa gengið heldur hraðar fyrir sig að undanfögnu en gert var ráð fyrir í spánni frá 2015 var þeim nú flýtt um þrjú ár sem hefur þau áhrif að orkunotkun á heimilum og þjónustu eykst á árunum 2020 til 2030. Í endurreikningi 2017 komu inn nýjar upplýsingar um bifreiðatíðni sem höfðu einnig í för með sér aukna raforkunotkun heimila vegna samgangna. Niðurstaðan verður aukning um 130 GWh við lok spátímabilsins.
- Með breyttum forsendum um jafnstöðuafla í loðnu dregur úr notkun í iðnaði en á móti kemur að hlutfall af kolmunna- og makrífafra sem fer til bræðslu er hækkað. Aukin iðnaðarstarfsemi á Suðurnesjum og Vestfjörðum á næstu árum er bætt við líkanið.
- Notkun gagnavera hefur aukist töluvert frá spánni 2015. Þessi notkun er að stærstum hluta tekin frá flutningskerfinu (stórnotendur). Á árinu 2022 er gert ráð fyrir að þrjú gagnaver noti um 1.200 GWh í orku og 140 MW í afli. Síðan eru önnur gagnaver sem fá orku frá dreifikerfinu. Vitað er um slíka notkun sem er að koma inn á dreifikerfið á Suðurnesjum og var tekið tillit til þeirrar aukningar hér.
- Einnig er ýmsum öðrum forsendum spálíkansins breytt í samræmi við nýjar rauntölur og þjóðhagsspár.

Í viðauka 1 hér að aftan er sýnd raforkuvinnsla á landinu árið 2017. Í viðauka 2 er raforkunotkun á landinu árið 2017 greind niður á notkunarflokk og dreifiveitur. Í viðauka 3 er notkunin greind niður á notkunarflokk og landshluta. Í viðauka 4 er notkun samkvæmt spánni skipt niður á afhendingarstaði frá flutningskerfinu. Birtar eru þrjár töflur um raforkunotkun það er fyrir heildarorku, forgangsorku og skerðanleg orku. Fyrir aflþörf er birtar töflur fyrir heildarafi og forgangsafl, annars vegar þegar mesta álag er á hverja stöð (tími mesta álags er mismunandi eftir stöðvum og er hann fyrir árið 2017 sýndur í töflum 13 og 15 í viðauka 5, þessi afltoppur segir til um aflþörf viðkomandi stöðvar) og hins vegar eru töflur um álag á stöðvar á þeim tíma þegar álag er mest á kerfið í heild. Teknar eru saman upplýsingar um aflþörf í raforkukerfinu á árinu 2017 í viðauka 5. Viðauki 6 birtir upplýsingar um mötun inn og út af flutningskerfinu og í viðauka 7 er sýnd raforkunotkun á veitusvæðum dreifiveitna síðustu fimm ár.

Skýrslan er einnig birt á vef orkusparnefndar/Orkustofnunar, sjá [www.orkuspa.is](http://www.orkuspa.is).



## 2 Forsendur

Inn í orkuspárlíkanið hafa verið sett ný gögn um raforkunotkun og vinnslu, aflþörf, mannfjölda og ýmsar hagstærðir. Hafa ber í huga að þjóðfélagið hefur breyst mikið undanfarinn rúman áratug fyrst samhliða miklum framkvæmdum í orkumannvirkjum, iðjuverum og húsbýggingum sem leiddu af sér mikinn aðflutning erlendra ríkisborgara til landsins. Eftir þetta mikla hagvaxtarskeið, en því fylgdi veruleg aukning raforkunotkunar, kom haustið 2008 mesta samdráttarskeið sem sést hefur hér á landi áratugum saman. Afleiðing samdráttarins var m.a. minnkuð raforkunotkun. Á allra síðustu árum hefur hagvöxtur verið mikill og spár benda til að vöxtur hagkerfisins haldi áfram á næstu árum. Eftirtaldar breytingar hafa verið gerðar á forsendum raforkuspárinnar:

- 1) **Hagvöxtur:** Eins og fram kemur í Almennum forsendum orkuspáa 2017 er í nýjustu þjóðhagsspá Hagstofu Íslands og spám annarra aðila gert ráð fyrir að dragi þó nokkuð úr hagvexti eftir verulegan vöxt á undanförunum árum. Gert er ráð fyrir að samdráttur verði í stóriðjuþjárfestingu og dragi úr aukningu í almennum iðnaði. Búist er við aukningu í íbúðafjárfestingu þar sem mikil spurn er eftir húsnæði. Ef ekki verður af þessum framkvæmdum eða þeim seinkar munu spár um hagvöxt næstu ára lækka.

Tafla 2.1 Hagvaxtarspár Hagstofu Íslands, Seðlabankans og ASÍ.

Ár	Hagstofa Íslands %	Seðlabanki %	ASÍ %
2017	3,6	3,6	5,3
2018	2,9	3,3	3,3
2019	2,7	3,0	2,8
2020	2,5-2,7	2,7	
2021	2,5-2,7		
2022	2,5-2,7		

Hér er tekið mið af hagvaxtarspám Hagstofu Íslands fyrir næstu ár. Miðað er við 2,0-2,5% hagvöxt á árunum til 2030 í samræmi við áætlaðan jafnvægishagvöxt en síðan er gert ráð fyrir að heldur hægi á hagvexti og hann verði kominn í 2,1% á árinu 2050. Sjá nánar kafla 2.1 í Almennum forsendum orkuspáa 2018.

- 2) **Mannfjöldi og fjöldi heimila:** Í þessum endurreikningi er notuð mannfjöldaspá Hagstofu Íslands frá október 2017, fyrir árabilið 2017–2066. Forsendur og aðferðarfræði spárinnar eru í aðalatriðum þær sömu og lýst var í Hagtiðindum 2015. Síðustu árin hafa orðið verulegar breytingar hvað varðar aðflutning og brottflutning fólks og af þeim sökum hefur fjölgun fólks verið mjög mismikil undanfarin ár. Árið 2014 var mannfjöldi á landinu (um mitt ár) 327 þúsund árið 2014, tæplega 331 þúsund árið 2015 rúmlega 335 þúsund árið 2016 og rúmlega 343 þúsund árið 2017. Fólki hefur því fjölgað um 16 þúsund hér á landi frá því unnið var við raforkuspána sem kom út árið 2015 og um 4 þúsund fleiri bjuggu á landinu á síðasta ári en spáin frá 2015 gerði ráð fyrir.

Í fólksfjöldaspánni er mest óvissa í forsendunni um aðflutning og brottflutning fólks. Þróun síðustu ára hvað varðar aðflutning fólks hefur verið þannig að frá 2014 til 2017 voru aðfluttir tæplega 15.000 fleiri en brottfluttir og rúmlega helmingur þessa fjölda tilheyrði árinu 2017. Á fjögurra ára tímabili þar á undan (2010 til og með 2013) fluttu tæplega 2.300 fleiri frá landinu en til þess. Á árunum 2018-2021 gerir miðspá Hagstofunnar ráð fyrir að um 3.300-5.200 fleiri muni flytja árlega til landsins en frá því sem er samtal rúmlega 18.000 manns. (Hagstofa, 2018) Árið

2050 gerir þessi mannfjöldaspá ráð fyrir um 10.000 fleiri íbúum á landinu en miðað var við í raforkuspánni frá 2015.

- 3) **Atvinnustarfsemi:** Nýjar rauntölur hafa verið settar inn varðandi atvinnustarfsemi í landinu þar sem slíkt liggur fyrir samkvæmt nýjum tölum Hagstofu Íslands. Framleiðsla einstakra greina hefur verið stillt þannig af að útreiknuð landsframleiðsla verði svipuð og miðað er við hjá Hagstofunni. Hvað varðar fiskveiðar og vinnslu hafa aflatölur næstu ára verið samræmdar nýjustu tölum Hafrannsóknastofnunar.
- 4) **Hitað húsrými og orkunotkun við hitun:** Húshitunarspá hefur verið endurreiknuð út frá rauntölum um raforkunotkun. Á tímabilinu 2009-2013 var lítil aukning í íbúðarhúsnæði en síðan hefur að nýju fjölgaði íbúðum sem voru fullgerðar og er fjöldinn síðustu tvö ár svipaður og á síðustu tveimur áratugum síðustu aldar. Gert er ráð fyrir að húsbýggingar aukist frekar og verði miklar á næstu árum í samræmi við fólksfjöldaþróun.

RARIK rekur þrjár jarðvarmaveitur (í Dalabyggð, á Blönduósi og Skagaströnd og á Siglufirði) og tvær kyntar hitaveitur á Höfn og Seyðisfirði. Fyrirtækið hefur á undanförunum árum leitað að jarðvarma til að koma í staðin fyrir raforku og olíu í kyntu veitunum og hefur sú leit borið árangur á Höfn. Jarðvarmi mun því á næstu árum leysa raforku og olíu af hólmi við hitun á Höfn og mun mun sú yfirfærsla hefjast undir lok árs 2019. RARIK hefur greint frá því að rekstrarforsendur kyntu hitaveitunnar á Seyðisfirði væru brostnar og verður hún lögð niður innan tveggja til þriggja ára (RARIK, 2018). Hér er gert ráð fyrir að notkunin fari yfir á rafhitun hjá notenda og þá gjarnan með varmadælum.

- 5) **Raforkunotkun heimila:** Á árinu 2017 var raforkunotkun heimila utan landbúnaðar 823 GWh sem er 20 GWh minni notkun en árið áður og er notkun sumarbústaða innifalin í þessum tölum. Skýrist sú minnkun af minni notkun við rafhitun húsnæðis en sá þáttur minnkaði um 30 GWh milli ára aðallega vegna betra veðurfars. Heildarfjöldi íbúða er um 138.000 í lok ársins 2017 og hafði þeim fjölgað um 1.600 íbúðir frá fyrra ári og þar af voru um 1.200 þeirra á höfuðborgarsvæðinu. Á árinu 2018 er gert ráð fyrir 4.500 nýjum íbúðum og þar af 3.300 á höfuðborgarsvæðinu. Raforkunotkun á íbúð hefur dregist saman frá árinu 2009 úr 4,9 MWh í um 4,37 MWh árið 2017 og eykst notkunin nú um 0,05 MWh á íbúð frá árinu 2016. Í Raforkuspá 2015-2050 var gert ráð fyrir að raforkunotkun verði 4,0 MWh/heimili árið 2040 og 4,1 MWh/heimili árið 2050, og er hér miðað við óbreytta forsendu. Raforkunotkun sumarbústaða var 81 GWh á síðasta ári og dróst hún saman um 12 GWh frá árinu 2016 líklega vegna minni rafhitunar sökum betra veðurfars. Meðal raforkunotkun á bústað hefur dregist lítilsháttar saman frá 2015 og er ársnotkun metin 10,1 MWh/bústað en hafa þarf í huga að veruleg rafhitun er inni í þeirri tölu.
- 6) **Raforkunotkun í landbúnaði:** Raforkunotkun í landbúnaði var 225 GWh á árinu 2017 sem er 13 GWh minna en spáð var árið 2015 sem stafar aðallega af minni rafhitun. Á árunum 2003-2008 jókst raforkunotkun gróðurhúsa að meðaltali um 7,2 GWh á ári. Næstu 5 ár, það er árin 2008 til 2013, var aukning 1,6 GWh/ári. Á árunum 2014 – 2016 var raforkunotkun svipuð eða um 83 GWh á ári. Á síðasta ári var notkun gróðurhúsa 86 GWh sem er 3 GWh meiri notkun en á árinu 2016. Eins og undanfarin ár nota gróðurhús nú um þriðjung af raforkunotkun landbúnaðar. Forsendur um raforkunotkun gróðurhúsa eru eins og fram kemur í Raforkuspá 2015-2050, þar er miðað við að ljóstvistar (LED ljósgjafi. LED er skammstöfun á Light Emitting Diode) verði notaðir í auknum mæli í garðyrkju og að notkun þeirra hefjist um 2020 og aukist jafnt og þétt á 10 árum þannig að öll framleiðsla verði með ljóstvistum árið 2030. Enn fremur er gert ráð fyrir að raforkunotkunin verði til að byrja með um 40% minni með ljóstvistunum samanborið við hefðbundnu perurnar og að hlutfallið fari upp í 50% árið 2030.  
  
Þó svo að býlum þar sem landbúnaður er aðalatvinnugrein fari fækkandi skilar það sér ekki strax í minni raforkunotkun þar sem raforkunotkun heimila í dreifbýli er oft flokkuð áfram með landbúnaði þó svo að hann sé ekki lengur aðalatvinnugreinin.
- 7) **Raforkunotkun í iðnaði:** Raforkunotkun í iðnaði sem fær afhenta orku frá dreifikerfum var 785 GWh á árinu 2017 og var aukning frá árinu áður um 80 GWh, sem stafar aðallega af aukinni

notkun fiskimjölverksmiðja. Spáð er að notkunin verði um 830 GWh árið 2018 og eykst hún meðal annars vegna aukins fiskafla og aukinnar iðnaðarstarfsemi. Á Suðurnesjum er gert ráð fyrir að aukning verði um 20 GWh fram til ársins 2019 vegna uppbyggingar sem er í iðnfyrirtækjum á svæðinu. Vestfjörðum er miðað við að 18 GWh bætist við fram til ársins 2021 í iðnaðarstarfsemi sem tengist uppbyggingu í fiskeldi. Forsendur vegna raforkunotkunar í byggingarstarfsemi eru óbreyttar. Notkun þar var 38 GWh árið 2017.

Veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar fyrir fiskveiðiárið 2018 til 2019 gerir ráð fyrir aukningu í þorskveiðum úr 258 þúsund tonn yfir í 264 þúsund tonn. Ráðgjöfin gerir ráð fyrir að afli í ýsu aukist um 17 þúsund tonn og ufsa um 19 þúsund tonn á milli tímabila (Hafrannsóknarstofnun, 2018). Við endurreikning raforkuspár er tekið mið af veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar.

Á loðnuvertíð 2017 veiddust um 197 þúsund tonn sem er um helmingi meiri afli en á árinu 2016 sem var slök vertíð eða svipuð og árið 2014 þegar afli var 110 þúsund tonn. Loðnuveiði var einnig slök árin 2008 til 2010 og veiddust þá að meðaltali um 90 þúsund tonn á ári en til samanburðar er meðaltal árána 1984-2007 um 760 þúsund tonn. Loðnuveiði í janúar – maí í ár var um 186 þúsund tonn. Hafrannsóknastofnun gaf út ráðleggingu að á núverandi veiðiári verði loðnuafli að hámarki 285 þúsund tonn. Ráðgjöf vegna veiðiársins 2018/2019 verður veitt í haust. Hér er gert ráð fyrir að loðnuveiði ársins 2018 verði 190 þúsund tonn. Loðnuafli mun síðan aukast jafnt og þétt og verða 400 þúsund tonn árið 2030. Hlutfall kolmunnafla til bræðslu er metið 90% og 10% af makrílafla, þannig fer um 50% af samanlögðum afla kolmunna og makríl til bærðslu en þetta hlutfall var 33% í síðustu spá.

Í þessum endurreikningi eru óbreyttar forsendur vegna fiskimjölverksmiðja, það er að allar verksmiðjur verði búnar að taka upp notkun raforku í stað olíu árið 2023. Jafnframt er gert ráð fyrir að nýting orku batni um 10% fram til ársins 2050. Á næstu árum mun eitthvað þurfa að skerða flutning raforku til þessara verksmiðja vegna flöskuhálsa í flutningskerfinu.

- 8) Raforkunotkun við þjónustustarfsemi:** Heildarnotkun í þjónustu á raforku sem afhent er frá dreifikerfum var á árinu 2017 1.098 GWh sem er 10 GWh meiri notkun en árið áður. Þjónustustarfseminni er skipt í sjö flokka. Samdráttur í forgangsrorku var í þremur flokkum á árinu 2017, það var í flokkunum Heild- og smásala, Fræðslustarfsemi og Tómstundarþjónusta. Aukning var í flokkunum Samgöngur, hótél og veitingastaðir, Opinber stjórnsýsla og varnarmál, Heilbrigðisþjónusta og Önnur þjónusta.

Á árinu 2018 bætist við notkun gagnavera á Suðurnesjum sem tengjast dreifikerfi HS Veitna, með aflþörf um 8 MW. Undir lið 14 er fjallað um gagnaver sem tengjast flutningskerfinu.

Forsendur vegna skemmtiferðaskipa og rafmagns til skipa eru óbreyttar frá síðast endurreikningi og gert ráð fyrir verulegri aukningu. Komum skemmtiferðaskipum til landsins hefur fjölgað verulega á undanförunum árum og hafa þau ekki tengst landrafmagni þegar þau liggja í höfnum hérlandis. Aftur á móti hefur það færst í vöxt að fiskiskip notist við raforku þegar þau liggja í höfnum.

**Rafbílavæðing.** Nýjar rauntölur um rafbílavæðingu eru færðar í spálíkanið og forsendum breytt í samræmi við það. Samkvæmt upplýsingum af vef Samgöngustofu var hlutur hreinna rafbíla (EV) 3,3% í nýskráningum fólksbíreiða á árinu 2017 en hlutdeildin hefur minnkað á fyrri hluta þessa árs og er 2,4%. Á móti kemur að hlutur tengiltvinnbíla (PHEV) hefur aukist úr 1% árið 2015 í um 10% á fyrri hluta þessa árs. Með að gera ráð fyrir að tengiltvinnbílarnotni til helminga raforku á móts við aðra orkugjafa (bensín eða disel) er reiknað „ígjldi rafbíla“ sem eingöngu eru knúnir áfram með rafmagni frá raforkukerfinu. Hlutall rafbíla í nýskráðum fólksbílum verður þá 7,5% á árinu 2017 miðað við þetta ígjildi og hlutfallið er svipað á fyrstu 7 mánuði ársins 2018. Í raforkuspánni frá 2015 var gert ráð fyrir að 8% hlutur rafbíla í nýskráningum árið 2020. Ef skoðaðar eru tölur um sendiferðabíla er hlutfallið 0,8% árið 2017 og stefnir í 1,6% í ár, en forsendur gerðu ráð fyrir því hlutfalli árið 2017.

Tafla 2.2 Nýskráning fólksbifreiða árin 2014-2018.

Ár	Rafmagnsbílar (EV) Fjöldi	Tengiltvinnbílar (PHEV) Fjöldi	Aðrir orkugjafar Fjöldi	Alls nýskráningar Fjöldi	Rafmagnsbílar (EV) %	Tengiltvinnbill (PHEV) %	Aðrir orkugjafar %	Ígildi rafbíls EV + PHEV/2 %
2014	82	2	9.337	9.421	0,9	0,0	99,1	0,9
2015	268	139	13.620	14.027	1,9	1,0	97,1	2,4
2016	376	778	19.606	20.760	1,8	3,7	94,4	3,7
2017	847	2.181	22.841	25.869	3,3	8,4	88,3	7,5
2018 #	315	1.291	11.282	12.888	2,4	10,0	87,5	7,5

# Skráningar 1. janúar - 20. júlí 2018

Ígildi rafbíls = Rafmagnsbílar (EV) + Tengiltvinnbílar (PHEV) / 2

Tafla 2.3 Nýskráning sendiferðafreiða árin 2014-2018.

Ár	Rafmagnsbílar (EV) Fjöldi	Alls nýskráningar Fjöldi	Rafmagnsbílar (EV) %
2014	6	818	0,7
2015	13	1.252	1,0
2016	11	2.156	0,5
2017	17	2.042	0,8
2018 #	19	1.194	1,6

# Skráningar 1. janúar - 20. júlí 2018

Framboð á rafbílum og tengiltvinnbílum mun aukasta á næstu árum. Nokkrir bílaframleiðendur hafa sett stefnuna á framleiðslu rafbíla og tilkynnt um nýjar tegundir á næstu árum. Bílaframleiðandinn Volvo hefur t.d. tilkynnt að allir bílar sem þeir framleiða frá árinu 2019 munu hafa rafmagnsmotor og verða bílarnir annað hvort hreinir rafbílar (EV) eða tengiltvinnbílar (PHEV) (CleanTechnica, 2018). Mercedes-Benz hefur áform um að koma með 9 hreinar rafbílategundir fyrir árið 2026 (MBL, 2016a). Einnig hefur áhugi almennings á rafbílum aukist og eftirspurn eftir rafknúnum bílum fer sífellt vaxandi (RÚV, 2017). Væntanlega mun verð rafbíla og tengiltvinnbíla í samanburði við verð bensín og díselbíla hafa áhrif á ákvarðanir um bíla kaup og vert er að benda á spá Bloomberg new energy finance um að rafbílar verði ódýrari en bensín og dísel bílar árið 2022, og er miðað við heildarkostnað, það er kaupverð og rekstrarkostnað. Jafnframt er spá þeirra að 35% af öllum nýjum bílum í heiminum verði rafmagnsbílar árið 2040 (Guardian, 2016).


Sumir bílaframleiðendur hafa meiri trú á öðrum orkugjöfum en raforku eins og vetni, svo sem Hyundai og Toyota, Í júní voru skráðar hér á landi 12 vetni/rafmagns fólksbifreiðar (Samgöngustofa, 2018).

Stætó tók í notkun rafmagnsvagn sem eingöngu er knúinn af rafmagni fyrr á árinu, en keyptir hafa verið 14 vagnar af kínverska framleiðandanum Yutong (Strætó, 2018). Með þessum nýju vögnum verður hlutfall rafmagnsvagna af heildarfjölda vagnaflota í rekstri á höfðuborgarsvæðinu með því hæsta sem um getur í heiminum, kom fram í blaðaviðtali við Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóra Strætó (MBL, 2017).

Hér er forsendum um rafbílavæðingu breytt í samræmi við þróunina frá því spáin kom út árið 2015 og ferlinum um innleiðingu rafknúinna fólksbíla flýtt um þrjú ár. Samkvæmt því mu hlutur rafbíla í nýskráningum aukast verulega á næsta áratug. Árið 2021 verður hlutfallið orðið 25%, yfir 50% árið 2024 og 80% árið 2028. Á því ári verður heildarfjöldi rafbíla orðin 100 þúsund, sjá nánar mynd 10.10 í Almennum forsendur orkuspáa 2018. Fosendur fyrir sendiferðabíla og önnur faratæki er óbreytt.

Breyttar forsendur hafa þau áhrif að raforkunotkun vegna rafbílavæðingar færir fram um þrjú ár og munu áhrifin vega þyngst á höfðuborgarsvæðinu og skýrir að hluta til aukningu frá spánni

2015 á svæðinu á árunum 2021 til 2031. Raforkunotkun vegna fólksbifreiða árið 2028 er áætluð um 280 GWh og 300 GWh fyrir allar bifreiðar, sjá mynd 2.1.




Mynd 2.1 Spá um raforkunotkun rafbíla og lesta á árin 2010–2050.

Stjórnvöld gætu flýtt fyrir rafbílavæðingu með að taka upp nýjan og hertan mengunarstaðal fyrir bíla við ákvörðun vörugjalds. Nýr mengunarstaðall (WLTP staðall) hefur engin áhrif á verð rafbíla eða bíla sem hafa skráða lága losun. Bílgreinasambandið hefur bent á að verð á nýjum bensín og díselbílum gætu hækkað allt að 20-30% verði gerð breyting á stöðlum um koltvísýringslosun. Vörugjöld nýrra bifreiða taka mið af losun þeirra á koltvísýringi. Gjaldið á að hvetja neytendur til að velja vistvænni bíla og sporna við losun gróðurhúsalofttegunda sem valda hnattrænni hlýnun. (Vísir, 2018).

- 9) **Veitur:** Veitufyrirtækin notuðu 774 GWh á árinu 2017, og dregst notkun þeirra saman um 3 GWh frá árinu 2016. Hér er um að ræða notkun hitaveitna, þar meðtaldar kyntar hitaveitur, vatnsveitna og eigin notkun rafveitna að meðtöldum vinnslufyrirtækjum raforku sem notuðu 476 GWh. Unnið er að uppsetningu sjóvarmadælu í Vestmannaeyjum hjá hitaveitunni og verður hún gangsett síðar á árinu.. Verið er að setja upp fjórarsjóvarmadælur með varmaafli upp á 10,4 MW (HS Veitur, 2016). Með tilkomu varmadællunnar er gert ráð fyrir að raforkunotkun hitaveitunnar minnki um 45 GWh miðað við núverandi notkun. Varmadælan mun einungis notast við forgangsortku og þessi framkvæmd mun því minnka notkun á skerðanlegri orku um 17% til hitaveitna miðað við notkun ársins 2016.
- 10) **Fiskveiðar (áður Annað):** Í hópnum Fiskveiðar eru notkunarflokkarnir 109 Fiskirækt, 122 Fiskveiðar og 123 Sportveiðar Notkun í fiskveiðum var 60 GWh árið 2017. Aukning frá árinu 2017 er tæp 5%, mest í notkunarflokknum 109 Fiskirækt eða 6% aukning.
- 11) **Flutnings- og dreifitöþ:** Flutningstöþ árið 2017 voru 360 GWh sem er um 2,0% af orku sem fer inn á flutningskerfi, en þau voru 2,1% á árinu 2016. Töþin eru 8 GWh meiri en árið áður. Dreifitöþ eru reiknuð sem mismunur á mældri orku inn á dreifikerfin og notkun samkvæmt notkunarskýrslum. Orka inn á dreifikerfin er sú orka sem dreifiveita fær afhenta frá Landsneti að viðbættri orkuframleiðslu smávirkjana og dísilvéla beint inn á dreifikerfið og síðan er dregin frá mötun inn á flutningskerfið frá dreifikerfinu. Dreifitöþum var breytt í samræmi við rauntölur síðasta árs. Í endurreikningi á Raforkuspá 2016 var miðað við meðaltal síðustu 5 ára, þessu var breytt í endurreikningi á árinu 2017 og er miðað við rauntölu síðasta árs.

- 12) **Skerðanlegur flutningur og ótryggð orka:** Landsnet er með í gjaldskrá sinni taxta fyrir skerðanlegan flutning. Ef aðstæður eru erfiðar í flutningskerfinu er Landsneti heimilt að skerða flutning raforku til þeirra viðskiptavina sem eru á þessum samningum í samræmi við skilmála um skerðanlegan flutning. Skerðanleg orka fer að stærstum hluta til fiskimjölverksmiðja og kyntra veitna. Á árinu 2017 var skerðanlegur flutningur um 510 GWh, þar af notuðu fiskimjölverksmiðjur um 210 GWh og kyntar veitur um 195 GWh og önnur starfsemi í iðnaðar- og þjónustugreinum notaði um 105 GWh. Landsvirkjun hefur selt hitaveitum orku á lægra verði undanfarin ár eftir að samningar um ótryggða orku runnu út og hefur fyrirtækið á móti heimild til að skerða þessa notkun. Einnig er Landsvirkjun með samninga um skerðanlega notkun við iðnfyrirtæki og er þá miðað við að notkun sé meiri en 7 MW.
- 13) **Orkunotkun iðnfyrirtækja sem fá orku afhenta frá flutningskerfinu:** Úttekt endanlegra notenda frá flutningskerfinu var 14.870 GWh sem var 154 GWh undir þeim tölum sem gert var ráð fyrir í Raforkuspá 2015. Aukning notkunar frá árinu 2016 er tæpar 540 GWh sem er breytingu um 3,7% milli ára. Iðnfyrirtæki eru með rúmlega 98% notkunarinnar. Samningar við fyrirtæki sem fá afhenta orku frá flutningskerfinu hafa hækkað um 1.022 GWh árið 2020 miðað við Raforkuspá 2015 og er þá meðtalinn flutningur gagnavers frá dreifikerfinu yfir til flutningskerfisins. Samtals verður orkuafhending 16.464 GWh og 1.936 MW í afli árið 2020, sjá nánar töflu 3.1 á bls. 16.
- Í maí 2013 tilkynnti Rio Tinto Alcan breytingar á umfangi straumhækkunarverkefnis álversins í Straumsvík. Áætlanir um að auka framleiðsluna úr 190 þúsund tonnum á ári í um 230 þúsund tonn breyttust og var í kjölfarið stefnt að því að verkefnið leiddi til 205 þúsund tonn framleiðslu af áli á ári. Samhliða breytingum á straumhækkunarverkefninu var samningur Landsvirkjunar og Rio Tinto Alcan endurskoðaður árið 2014 (Landsvirkjun, 2014). Hér er miðað við fyrirtækið nýti gerða samninga og noti 3.485 GWh/ári og 410 MW frá árinu 2019.
- Núverandi starfsleyfi Norðuráls er fyrir 350 þúsund tonna framleiðslu og gildir það til ársloka 2031. Gert er ráð fyrir að notkun Norðuráls á raforku verði 4.772 GWh/ári og 561 MW árið 2023 og haldist síðan óbreytt eftir það.
- Á árunum 2012 til 2015 hefur framleiðsla Alcoa verið að meðaltali 344 þúsund tonn á ári sem er aðeins undir framleiðslugetu álversins sem er 360 þúsund tonn. Á fyrstu árum verksmiðjunnar var gert ráð fyrir að framleiðslugetan væri 346 þúsund tonn af áli en árinu 2010 fékk Alcoa nýtt starfsleyfi sem gildir til ársins 2026 fyrir 360 þúsund tonn. Hér er miðað við fyrirtækið nýti gerða samninga og noti 4.954 GWh/ári og 576 MW frá árinu 2019.
- PCC BakkiSilicon hf. hóf starfsemi sína í byrjun maímánaðar í ár og gert er ráð fyrir að báðir ofnar verksmiðjunnar verið komnir í rekstur síðar á árinu og muni nota 52 MW (um 456 GWh/ári) fyrir 32 þúsund tonna framleiðslu sína. Miðað er við að verksmiðjan noti 215 GWh árið 2018 og umsamda orku frá áinu 2019.
- Kísilmálmverksmiðja United Silicon í Helguvík var gangsett 13. nóvember 2016. Þar er gert ráð fyrir að framleiðslan verði 21 þúsund tonn af kísli og 7,5 þúsund tonn af kísilryki. Verksmiðjan stefndi að því nota 35 MW. Ýmis vandamál komu upp við rekstur verksmiðjunnar og stöðvaði Umhverfisstofnun rekstur United Silicon í 1. september 2017 þar sem frávik voru frá starfsleyfi verksmiðjunnar. Stjórn United Silicon fór fram á gjaldprotaskipti félagsins 22. janúar 2018. Í tilkynningu sem stjórnin sendi frá sér vegna gjaldprotabeiðnarinnar kemur fram að mat sérfræðinga að það þyfti um 25 milljónir evra til að verksmiðjan teldist fullkláruð. Hér er gert ráð fyrir að verksmiðjan noti umsamda orku frá og með árinu 2021.
- 14) **Orkunotkun fyrirtækja í þjónustu sem fá orku beint frá flutningskerfinu:** Nokkur uppbygging gagnavera hefur átt sér stað á undanförunum árum og eru tvö þeirra það stór að þau teljast stórnótendur raforku skv. skilgreiningu raforkulaga og afhending er frá flutningskerfinu. Hér er um að ræða gagnaver Verne, sem hóf starfsemi sína árið 2011, og gagnaver Advania, en bæði eru þau í Reykjanesbæ. Raforkunotkun gagnavera er skráð á notkunarflokk 1643 Þjónusta við atvinnurekstur, sem var með um 60 GWh aukningu á milli árunna 2016 og 2017. Skýrist þessi aukning að stærstum hluta af raforkunotkun gagnavera. Í byrjun ársins 2016 færðist afhending til gagnavers Advania (Gagnaverið Mjöltnir) frá dreifikerfinu yfir til flutningskerfisins (frá HS

Veitum til Landsnets). Raforkunotkun gagnavera Verne og Advania á árinu 2017 var tæpar 280 GWh og aflþörf var tæp 38 MW. Stækkun hefur verið á gagnaveri Advania í ár og er gert ráð fyrir að aflþörf þess verði um 80 MW í árslok. Gert er ráð fyrir að Verne noti 27 MW á árinu 2019 og 30 MW árið 2020. Byrjað er að reisa gagnaver á Blönduósi og er miðað við það hefji starfsemi í ársbyrjun 2019 og aflþörf þess verði um 30 MW. Mögulega mun þessi aflþörf aukast í 60 MW. Í endurreikningum er miðað við 30 MW aflþörf. Það er Borealis Data, Blönduósbær og Húnavatnshreppur sem fjármagna bygginguna í gegnum sameiginlegt félag, BDC North. Center. Stærð hússins er um 700 fermetrar og er áætlað að þar verði 2-3000 tölur (RÚV, 2018). Hér er gert ráð fyrir að gagaver, sem fá orku beint frá flutningskerfinu, noti um 580 GWh í ár og um 100 MW í afli. Á árinu 2021 verði aflþörf gagnavera orðin 140 MW og um 1.176 GWh í orku, sjá mynd 2.2. Miðað er við að nýtingartími gagnavera geti orðið 8.400 klst. á ári) hér að framan er fjallað um gagnaver sem tengjast dreifikerfinu.



Mynd 2.2 Spá um raforkunotkun gagnavera, sem fá orku beint frá flutningskerfinu, árin 2018-2030 og rauntölur árána 2011–2017.

- 15) **Notkunarsvæði og orkuspásvæði.** Notkunarskýrsla RARIK fyrir árið 2016 og 2017 er byggð á breyttri skilgreiningu notkunarsvæða. Þessi nýja skilgreining hafði í för með sér að notkun í Kjós og Kjalarnesi flokkast nú með Vesturlandi í stað höfuðborgarsvæðis eins og var áður. Tengivirkid á Brennifel er á Vesturlandi og fæðir það dreifikerfi RARIK í Kjósinni.
- 16) **Virkjanir tengt flutningskerfinu.** Um mitt ár 2017 færðist tenging á Andakílsárvirkjunar yfir á dreifikerfi RARIK frá tengingu við flutningskerfið.
- 17) **Nýir notkunarflokkar.** Á þessu ári hafa verið skilgreindir þrjú nýir notkunarflokkar og dreifiveiturnar munu byrja að skila inn gögnum fyrir þá flokka á næsta ári. Um er að ræða eftirtalda flokka:
  - 0111 Garðyrkja, lýsing: Raforkumælur í gróðurhúsum á notkun sem er niðurgreidd af ríkinu. Þar sem meginstarfsemi í gróðurhúsi er verslun á ekki að nota þennan flokk heldur 1612.
  - 1510 Raforkuvinnsla: Eigin notkun raforkufyrirtækja í virkjunum og á skrifstofum vinnslufyrirtækja flokkast hér.
  - 1644 Gagnaver: Hér er um að ræða raforku sem fer til rekstur gagnavera.





### 3 Áætluð raforkunotkun

Raforkuspáin hefur verið endurreiknuð og eru niðurstöðurnar sýndar í töflum 3.2 til 3.8 auk þess sem notkun stóriðju samkvæmt þegar gerðum samningum er sýnd í töflu 3.1.

Rauntölur um raforkunotkun eru í töflunum hér að aftan einungis sýndar frá árinu 2010 en þeir sem vilja sjá tölur lengra aftur í tímann geta fundið þær í eldri raforkuspám Orkuspárnefndar. Tafla 3.2 sýnir notkunina á landinu næstu árin þar sem hún er greind í notkun sem afhent er frá dreifikerfinu ásamt dreifitöpum, notkun sem afhent er frá flutningskerfinu, flutningstöp og notkun sem afhent er beint frá virkjunum. Í þessum endurreikningi er miðað við að orka sem er með skerðanlegum flutningi hjá Landsneti teljist sem ótryggð orka.

Tafla 3.3 sýnir almenna notkun frá dreifikerfinu greinda niður á einstaka þætti og nær hún einungis til forgangsorku. Þar kemur fram að forgangsorka er með um 5% aukningu árið 2015 sem skýrist að hluta til af uppbyggingu gagnavera á Suðurnesjum og aukinni raforkunotkun fiskimjölsverksmiðja. Notkunin dregst saman um 2,9% árið 2016 vegna þess að úttekt til gagnavers Advania færir frá dreifikerfinu (HS Veitum) til flutningskerfisins (Landsnets) í byrjun ársins 2016. Á árinu 2017 var aukning um 1,9% og fyrir árið í ár er spáð aukningu um 3,5%. Á árunum 2020 til 2030 er aukning á bilinu 2,1 – 2,6%, sem stafar að hluta til að orkuskiptum í samgöngum. Þegar til lengri tíma er litið er búist við að notkunin aukist minna og verið um 2% á ári fram til ársins 2040 og aukning minnki síðan og verði 1,4% í lok spátímabils.

Tafla 3.4 sýnir úttekt frá flutningskerfinu greinda niður á einstaka þætti. Tafla 3.5 sýnir úttekt frá vinnslufyrirtækjum greinda niður á einstaka þætti.

Tafla 3.6 sýnir notkun á skerðanlegri orku frá dreifikerfinu greinda niður á þætti. Rauntölur fram til ársins 2011 eru teknar saman út frá þeirri skilgreiningu sem notuð var árið 2010. Frá árinu 2012 er miðað við skerðanlegan flutning hjá Landsneti. Engin skerðanlegur flutningur er í úttekt frá flutningskerfinu eða í úttekt frá vinnslufyrirtækjum.

Öll raforkunotkun sem afhent er frá dreifikerfinu er síðan greind niður á flokka í töflu 3.7. Almennri notkun frá dreifikerfinu, að meðtöldum dreifitöpum, er skipt niður á landshluta í töflum 3.8 til 3.10 eftir því hvort um ræðir forgangsorku, skerðanlega orku eða orku alls.

Níu fyrirtæki fá afhenda raforku beint frá flutningskerfinu frá og með árinu 2018 (en það eru Rio Tinto Alcan (áður Íslenska álfélagið), Íslenska járnblendifélagið (í eigu Elkem), Norðurál (í eigu Century Aluminum), Fjarðaál (í eigu Alcoa), Becromal, Verne, Advania, United Silicon og PCC BakkiSilicon. Fjarðaál hóf álframleiðslu á Reyðarfirði vorið 2007, Becromal hóf starfsemi aflþynnuverksmiðju á árinu 2009 og gagnaverið Verne hóf starfsemi á árinu 2011. Frá árinu 2016 er notkun gagnavers Verne og gagnavers Advania talin saman. United Silicon hf hóf starfsemi í nóvember 2016. PCC BakkiSilicon hf hóf starfsemi á árinu 2018. Í byrjun næsta árs bætist við tíunda fyrirtækið sem fær orku raforku beint frá flutningskerfinu þegar gagnver Borealis Data við Blönduós. Í töflu 3.1 sést samtals orkunotkun samkvæmt þegar gerðum orkusamningum fyrirtækja sem taka orku frá flutningskerfinu fram til ársins 2020. Heildarafl fyrirtækjanna er reiknað með því að leggja saman aflþörf þeirra og síðan margfaldað með samlögunarstuðli sem er metinn vera 0,985. Þessa aðferð var fyrst notuð í Endurreikningi raforkuspár 2009, en í eldri spám hefur hámarksafl fyrirtækjanna verið lagt saman sem gefur hærri tölu en raunin hefur orðið.

Heildarraforkunotkun á landinu skv. þessari spá er sýnd á mynd 3.1 og aukning notkunar er sýnd á mynd 3.2.

Tafla 3.1

## Úttekt frá flutningskerfinu næstu árin (\*Rauntölur).

Ár	Rio Tinto Alcan		Elkem Ísland		Norðurál		ALCOA Fjarðaál	
	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW
2010*	2.916	343	930	125	4.144	499	4.959	592
2011*	2.867	344	943	127	4.164	497	4.798	559
2012*	2.941	350	1.032	130	4.271	505	4.892	569
2013*	3.100	377	1.060	130	4.364	519	4.935	585
2014*	3.241	392	966	130	4.418	533	4.781	567
2015*	3.237	398	1.035	131	4.623	546	4.864	573
2016*	3.230	382	1.031	131	4.663	551	4.701	568
2017*	3.337	395	1.009	131	4.649	542	4.964	576
2018	3.355	397	1.022	131	4.650	547	4.987	589
2019	3.485	410	1.060	130	4.716	555	4.954	576
2020	3.485	410	1.060	130	4.723	556	4.954	576
2021	3.485	410	1.060	130	4.723	556	4.954	576
2022	3.485	410	1.060	130	4.723	556	4.954	576

Ár	Becromal		Gagnaver		USI		PCC		Samtals öll úttekt frá flutningskerfi	
	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW+
2010*	260	52	0	0	0	0	0	0	13.209	1.555
2011*	512	70	0	1	0	0	0	0	13.284	1.561
2012*	408	58	1	0	0	0	0	0	13.545	1.586
2013*	516	70	5	2	0	0	0	0	13.980	1.638
2014*	542	70	36	6	0	0	0	0	13.983	1.671
2015*	535	69	61	12	0	0	0	0	14.356	1.686
2016*	477	66	218	29	13	31	0	0	14.334	1.696
2017*	539	68	279	38	91	32	0	0	14.870	1.751
2018	575	71	582	100	0	0	215	52	15.386	1.858
2019	578	70	864	137	0	0	437	52	16.094	1.901
2020	578	70	1.092	140	135	32	437	52	16.464	1.936
2021	578	70	1.164	140	271	32	437	52	16.671	1.936
2022	578	70	1.092	140	135	32	437	52	16.713	1.940

+ Samtals afl: Afliþörf einstakra fyrirtæka lögð saman og margfaldað með 0,985.

Fyrir árin 2018-2022 er orkuþörf álfyrirtækja áætluð út frá umsömdu hámarksafli með nýtingartíma á bilinu 8.500 til 8.600 tíma, mismunandi eftir fyrirtækjum.

Tafla 3.2 **Spá um raforkunotkun, forgangsorka og skerðanleg orka. Almenn notkun að meðtöldum dreifitöpum og núverandi og samþykkt ný stóriðja (\*Rauntölur).**

Ár	Úttekt frá dreifikerfinu forgangs- og skerðanleg orka með dreifitöpum		Úttekt frá flutningskerfinu		Flutningstöp		Úttekt frá vinnslufyrirtækjum		Samtals	
	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW
2010*	3.140	562	13.209	1.555	330	52	381	59	17.059	2.181
2011*	3.203	558	13.284	1.561	323	54	400	62	17.210	2.189
2012*	3.269	566	13.545	1.586	339	54	396	61	17.549	2.221
2013*	3.318	599	13.980	1.638	374	62	445	61	18.116	2.320
2014*	3.339	574	13.983	1.671	361	54	439	61	18.122	2.330
2015*	3.605	618	14.356	1.686	370	57	468	75	18.799	2.383
2016*	3.384	590	14.334	1.696	360	57	471	71	18.549	2.379
2017*	3.519	609	14.870	1.751	373	61	476	85	19.239	2.444
2018	3.628	632	15.386	1.858	405	66	490	75	19.909	2.583
2019	3.726	649	16.094	1.901	425	69	499	77	20.744	2.645
2020	3.801	661	16.464	1.936	437	70	508	78	21.209	2.694
2021	3.872	673	16.671	1.936	446	71	516	79	21.506	2.708
2022	3.958	687	16.713	1.940	452	71	525	81	21.647	2.727
2023	4.051	703	16.732	1.942	458	72	533	82	21.774	2.746
2024	4.154	720	16.732	1.942	463	72	542	83	21.891	2.764
2025	4.262	738	16.732	1.942	469	72	550	85	22.014	2.784
2030	4.770	822	16.732	1.942	497	73	577	89	22.576	2.871
2035	5.208	894	16.732	1.942	495	73	605	93	23.040	2.946
2040	5.617	960	16.732	1.942	493	73	634	98	23.476	3.015
2045	5.989	1.019	16.732	1.942	489	72	665	102	23.876	3.077
2050	6.334	1.073	16.732	1.942	485	71	697	107	24.248	3.134

Tafla 3.3

